

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 10.02. 2014

Efni: Umsögn Áslaugar Guðmundsdóttur, Miðholti 8, Hafnarfirði um 213. mál – tilflutningur verkefna er varða markaðseftirlit með raftækjum. Frumvarp allsherjar- og menntamálanefndar, þskj. 275, 213. mál.

Almennt álit um málið

Sem þegn og neytandi á Íslandi sakna ég þess og undrast að á lokadegi hafi ekki borist umsögn Neytendasamtakanna um ofangreint frumvarp sem varðar hag neytenda. Mikilvægt er að neytendavernd sé örugg, hagkvæm, skilvirk og aðgengileg fyrir neytendur. Til þess að svo megi vera hlýtur að teljast mikilvægt að ekki sé stöðuglega verið að flytja málaflokka á milli stofnana hins opinbera með tilheyrandi ruglingi fyrir neytendur sem hætt er við að gefist upp við að leita réttar síns vegna óþarfs flækjustigs og ókunnugleika um það til hvers skuli leitað í hverju tilfalli. Annað sem er afskaplega bagalegt fyrir neytendur eru örar nafnabreytingar á stofnunum í þjónustu almennings því slíkt er ávísun á að neytendur verði áttavilltir í stjórnslu eigin lands. Einnig er hætt við að rót komist á uppsafnaða þekkingu og mannaúð innan stofnana ef sífellt er verið að stokka upp, sameina þær og/eða færa valdsvið málaflokka milli stofnana. Slíkur spekileki er tap neytenda og þjófélagsins í heild.

Sem skattborgari er ég hlynnt því að vel sé farið með skattfé almennings en tel að eftirlit með vörum eigi þess vegna heima hjá einni og sömu stofnuninni þ.e. hjá Neytendastofu. Rökin fyrir því eru mörg en hér verða talin upp nokkur:


1. Mjög margir neytendur vita fyrir hvað Neytendastofa stendur fyrir þ.e. nafn hennar er þekkt meðal neytenda.
2. Neytendastofu er ætlað að hafa víðtækt eftirlit með neytendavörum skv. gildandi lögum. Slíkt ætti að þjóna neytendum betur en ef ábyrgðinni er dreift milli margra stofnanna.
3. Kjarnastarfsemi Mannvirkjastofnunar er ærin þ.e. að hafa eftirlit með mannvirkjum en ekki að hafa eftirlit með neytendavörum og því vandséð hvernig það þjónar hagsmunum neytenda betur en núverandi fyrirkomulag.
4. Neytendastofu er m.a. ætlað að hafa eftirlit með því að verslanir flytji hvorki inn né selji vörur sem uppfylli ekki kröfur laga, reglna eða staðla og grípi í tíma til viðeigandi ráðstafana neytendum til verndar ef neytendavörur standast ekki þá könnun.
5. Ég tel mjög mikilvægt að Neytendastofa sé styrkt frekar en veikt til að mæta og bæta eftirlit með vörum og má í því sambandi benda á að með nýlegum fríverslunarsamningi Íslands og Kína má búast við að álagið aukist.
6. Er það ekki svo að ef vara er samþykkt í einu ríki EES samningsins þá er hún í raun samþykkt fyrir allan innri markað Evrópu? Ef svo er þá er ábyrgð Íslands mikil gagnvart öllum neytendum í Evrópu. Þar af leiðandi er varla hægt að búast við að með fríverslunarsamningi við stórveldi hægist um hjá stofnun eins og Neytendastofu.

7. Það hlýtur að liggja í augum uppi að það er hættulegt neytendum að búa við falskt öryggi þ.e. ef eftirlit með neytendavörum er fjársvelt. Til þess að starfsmenn Neytendastofu geti sinnt eftirlitshlutverki sínu sómasamlega er mikilvægt að fjárveitingar til stofnunarinnar séu ekki rýrðar eins og útlit er fyrir með ofangreindu frumvarpi.
8. Rökrétt er að líta á eldavélar og öll önnur raftæki sem neytendavörur fyrir sölu til neytenda ekki síður en aðra órafmagnaða innanskokksmuni (hjónarúm), smávörur (snuð, leikföng) o.m.fl. Eldavélar eru yfirleitt alltaf fasttengdar þeim mannvirkum sem þær enda í en það breytir ekki því að eldavélar voru neytendavörur fyrir sölu og tengingu við rafmagn.

Sem neytandi þá skora ég á að styrkri stoð verði skotið undir starfsemi Neytendastofu með því að tryggja stofnuninni áframhaldandi fjármagn til markaðseftirlits með vörum hér eftir sem hingað til. Séu vafamál varðandi eftirlit með vörum t.d. varðandi það hvort skermur er á standlampa (laustengt) eða loftljósi (fasttengt) þá bið ég þingheim um að taka af öll tvímæli um að eftirlit með skermi þessum sé á forræði Neytendastofu hvort sem hann er staðsettur við loft, vegg eða á gólfi þ.e. allt eftir smekk hvers og eins.

Vert er að geta þess að ekki er langt síðan að embætti talsmanns neytenda var lagt niður og það innlimað Neytendastofu án þess að málaflöknum fylgdi fjármagnið sem talsmanni var áður ætlað. Upplýstir neytendur litu á þá lagabreytingu Alþingis sem svikinn héra í stöðu neytendamála á Íslandi.

Virðingarfyllst,



Áslaug Guðmundsdóttir